
Efnistaka í Efri-Staf í Seyðisfirði Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 9. júní 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsverki ehf. vegna fyrirhugaðrar efnistöku í Efri-Staf, Seyðisfjarðarkaupstað samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Seyðisfjarðarkaupstaðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vinnueftirlitsins.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Efnistaka í Efri-Staf Seyðisfirði-greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. Verkís, 28. apríl 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Seyðisfjarðarkaupstað með tölvupósti dags. 20. júlí 2020.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 23. júní 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 23. júní 2020.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 3. júlí 2020.
- Vinnueftirlitinu með bréfi dags. 26. júní 2020.
- Veðurstofu Íslands með tölvupósti dags. 18. júní 2020.

Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í efnistöku á um 45.000 m³ efnis á 9.000 m² stóru svæði. Áætlaður vinnslutími námu er 10 ár. Efnistökusvæðið er staðsett í klapparholti austan Stafdalsár í norðanverðum Efri-Staf í Seyðisfirði. Fram kemur að fast berg verði losað með sprengingum 1-2 sinnum á ári í 3-4 daga í senn. Fyrirhuguð er að nýta efni til byggingarframkvæmda og hafnargerðar. Á vinnslutíma verður gert vinnsluplan neðan námu.

Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Náttúrufar, ásýnd og landnotkun

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að efnistökusvæðið sé hálfgróið klapparholt og beri ekki sérkenni önnur en almennt gerist varðandi gróður, dýralíf og jarðminjar. Fram kemur í Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 að efnistökusvæðið sé á óbyggðu svæði. Engar vistgerðir, vistkerfi eða jarðminjar sé að finna á svæðinu sem njóti verndar né plöntur eða dýr sem séu á valista.

202005002

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að helstu áhrif framkvæmdar séu á ásýnd. Efnistökusvæðið er sýnilegt frá Seyðisfjarðarvegi en fyrirhugað er að gera sjónmön við suðurbrún námusvæðisins til að draga úr neikvæðum áhrifum á ásýnd og landslag. Staðsetning efnistökusvæðis nýtir vegakerfi á svæðinu vel og aðeins þarf að leggja um 30-40 m vegslóða að svæðinu. Fram kemur að við lok efnistökutímabils verði gengið frá afgangsefni og ofanaftekt og svæðið aðlagð nærliggjandi umhverfi á snyrtilegan hátt. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þar sem efnistaka sé fyrirhuguð í langan tíma sé mikilvægt að gengið verði jafnóðum frá þeim hlutum námunnar þar sem efnistöku sé lokið. Þá ætti að vinna námuna í átt að Seyðisfjarðarvegi, sé þess kostur, til að draga frekar úr sýnileika námunnar.

Hljóðmengun

Fram kemur í greinargerð að námusvæðið er í rúmlega 4 km fjarlægð frá þéttbýlinu og er í um 400 m hæð. Vegna fjarlægðar og hæðarmunar á námusvæði og byggð er ólíklegt að hljóðmengun verði frá námuvinnslu. Gera má ráð fyrir að íbúar verði varir við þegar sprengt er í námu 1-2 svar á ári.

Menningarminjar

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að ekki sé kunnugt um menningarminjar á svæðinu og að svæðisins sé ekki getið í fornleifaskráningu sem var gerð vegna gildandi aðalskipulags. Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að svæðið sem þá hafi verið til skoðunar nái ekki yfir fyrirhugað efnistökusvæði. Minjastofnun Íslands hefur kannað fyrirhugað framkvæmdarsvæði á vettvangi og ekki hafi fundist vísbendingar um fornleifar á svæðinu. Þá telur Minjastofnun að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum en minnir jafnframt á 2. mgr. 24. greinar laga um menningarminjar.

Verndarvæði

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að framkvæmdarsvæðið er innan grannsvæðis vatnsbóls Seyðisfjarðarkaupstaðar. Ákveðin mengunarhætta er frá vinnuvélum í námu og sprengivinnu. Mögulegt er að olíur frá vinnuvélum blandist yfirborðsvatni í óhappatilfellum. Sérstök aðgát verður höfð við alla vélavinnu á efnistökusvæði og í óhappatilfellum verður mengaður jarðvegur fluttur í burtu. Úrgangur frá þjónustu við vinnuvélar verður fluttur á móttökustöð sorps á Seyðisfirði. Einnig er hugsanlegt að mengun verði frá meðhöndlun sprengiefna. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands kemur fram að samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 skuli öll starfsemi innan grannsvæða vera undir ströngu eftirliti og að öll meðferð hættulegra efna og birgðageymsla þeirra sé bönnuð. Í greinargerð framkvæmdaraðila hafi verið gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum varðandi hugsanlega olíuleka frá tækjum sem felist í því að setja niður olúskilju á frárennsli yfirborðsvatns. HAUST telur þó að betur hefði mátt greina frá þeirri mengunarhættu sem stafi af sprengingum og til hvaða mótvægisáðgerða verði gripið varðandi þá hættu. Að teknu tilliti til staðsetningar starfseminnar, innan vatnsverndarsvæðis, megi gera ráð fyrir að gerðar verði strangari kröfur um mengunarvarnir, verklag, umgengni og eftirlit umfram það sem gert vegna sambærilegrar starfsemi utan verndarsvæða, enda afar brýnt að vernda neysluvatn. Rík áhersla er lögð á að vanda alla vinnu í tengslum við fyrirhugaða efnistöku og skulu vatnsverndarsjónarmið og öryggi neysluvatns njóta vafans í öllum tilvikum. Jafnframt skuli allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við gildandi skipulag.

Í umsögn Vinnueftirlitsins kemur fram að ekki sé gerð athugasemd við framkvæmdina en minnt á að tilkynna skuli til Vinnueftirlitsins þegar framkvæmdir á svæðinu hefjast og skal starfsemin uppfylla skilyrði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Enginn umsagnaraðila telur að

202005002

umrædd framkvæmd hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulag og leyfi

Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 er námusvæðið á óbyggðu svæði og er ekki gert ráð fyrir efnistöku þar. Framkvæmdin kallar því á breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Seyðisfjarðarkaupstaðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig er framkvæmdin háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tilkynna skal til Vinnueftirlitsins þegar framkvæmdir hefjast.

Niðurstaða

Um er að ræða 45.000 m³ efnistöku í Efri-Staf í Seyðisfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og nýtingu náttúruauðlinda sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með framkvæmdinni verður nýju svæði raskað með efnistöku. Ekki er um að ræða umfangsmikið efnistökusvæði en svæðið er á grannsvæði vatnsbóls Seyðisfjarðarkaupstaðar og er mengun möguleg frá starfsemi. Fyrirhuguð efnistaka mun breyta ásýnd svæðisins að einhverju leyti sem og raska vistgerðum, en þær vistgerðir eru ekki sérstaklega viðkvæmar og hafa ekki hátt verndargildi. Skipulagsstofnun telur brýnt að áform Landsverks hf varðandi frágang og mótvægisáðgerðir vegna sjónrænna áhrifa verði eins og er lýst í greinargerð og tekur undir sjónarmið Umhverfisstofnunar um að þar sem vinnslutími námunnar er langur er brýnt að ganga jafnóðum frá þeim hluta hennar sem hefur verið nýttur. Þá er einnig ástæða til að kanna hvort draga megí úr sjónrænum áhrifum með því að vinna námuna í átt að Seyðisfjarðarvegi.

Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa, svo sem með tilliti til umfangs umhverfisáhrifa stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðrar efnistöku felast fyrst og fremst í staðbundnum ásýndaráhrifum á efnistökusvæði í Efri-Staf í Seyðisfirði auk mengunarhættu á vatnsból Seyðisfjarðarkaupstaðar. Skipulagsstofnun tekur undir með umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands um að vanda þurfi alla vinnu í tengslum við fyrirhugaða efnistöku og að vatnsverndarsjónarmið og öryggi neysluvatns eigi að ráða í öllum tilvikum. Skipulagsstofnun telur að með skilyrðum í starfsleyfi sé hægt að tryggja framangreint.

202005002

Þá telur Skipulagsstofnun að áhrif efnistökkunnar á ásýnd og landslag, jarðmyndanir og gróður séu óveruleg. Áhrif eru staðbundin, að mestu óafturkræf og bundin við afmarkað svæði. Þær áætlanir um frágang sem Landverk hefur boðað eru til þess fallnar að draga að einhverju leyti úr þeim áhrifum sem verða af framkvæmdinni.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 24. ágúst 2020.

Reykjavík, 22. júlí 2020.

Ólafur Árnason

Tinna Jónsdóttir